

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á HÚSAVÍK

Dagsetning	22. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N66 02,924 V17 21,523
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Húsavík, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í lagi.

Frárennsli olíuskilju var mælt í sumar með efnagreiningu og greindist magn olíuefna í frárennslinu 14 mg/l (ppm) sem er undir kröfum í starfsleyfi.

Fjórir af fimm geymum stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2008. Svartolíugeymirinn stendur tómur og hefur ekki verið notaður um allmörg ár. Hann verður botnþykktarmældur áður en hann verður tekinn í notkun.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Tekið var á lokum í frárennsli þróa og reyndust þeir báðir lokaðir eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Önnur mál:

Á Húsavík er hægt að þvo olíuflutningabíla á áfyllingarplani stöðvarinnar. Notkun sápu og tjöruleysa á áfyllingarplani dregur úr hæfni olíuskilju og eykur hættu að olíuefni berist frá stöðinni. Við efnagreiningu á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar mældist olía 14 ppm (starfsleyfismörk eru 15 ppm).

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.